

**Nd.**

**161. Frumvarp til laga**

[126. mál]

um breytingu á lögum nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Í stað „39.—40.“ í 1. gr. VI. komi: 39.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist þannig:

Biskupi er heimilt að ráða tvo prestvígða menn til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Ef þörf krefur er biskupi heimilt, með samþykki ráðherra, að ráða fleiri prestvígða menn til starfa skv. þessari grein.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta var samþykkt á Kirkjuþingi 1983 og hafði áður verið gerð samþykkt um þetta efni á aðalsafnaðarfundi Ofanleitissóknar og héraðsfundi Kjalarnesprófastsdæmis. Tillaga er þar með gerð um að annað prestsembættið í Vestmannaeyjum verði lagt niður, enda komi í stað þess eitt prestsembætti til viðbótar samkvæmt 2. mgr. 6. greinar laga um prestakallaskipun o. fl. nr. 35/1970 (starf „farprests“). Ekki verður því komið við í Vestmannaeyjum að nágrannaprestur gegni starfi sóknarprests í orlofi eða forföllum, en einnig mundi viðbótar farprestur nýtast á fleiri stöðum eftir ráðstöfun biskups og mundi létta á afleysingarþörf sem ekki hefur reynst unnt að leysa úr að fullu með þjónustu nágrannapresta og eins farprests. Sóknarpresturinn í Vestmannaeyjum er einnig samþykktur þessari lagabreytingu með ofangreindum fyrirvara. Hefur ekki verið í raun nema einn sóknarprestur í Vestmannaeyjum eftir Vestmannaeyjagosið.